



TÓNLISTARBORGIN  
REYKJAVÍK

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Sent á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. nóvember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, mál 202**

Tónlistarborgin Reykjavík sendir hér inn umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist.

Í meginatriðum snýst lagabreytingin um að breyta skilyrðum um samanlagðan spilunartíma hljóðrita úr 30 mínútum í 14 mínútur.

Tónlistarborgin Reykjavík telur þessa breytingu mikilvæga fyrir íslenskt tónlistarfólk þar sem löginn munu með þessari breytingu endurspegla betur þær breytingar sem hafa orðið á útgáfu tónlistar undanfarin ár. Enn fremur styrkir breytingin samkeppnisstöðu Íslands sem ákjósanlegs upptökustaðar en Tónlistarborgin Reykjavík er samstarfsaðili verkefnisins Record in Iceland þar sem endurgreiðslumöguleikinn vegna hljóðritunar á tónlist á Íslandi er kynntur á erlendum vettvangi með það að markmiði að fá hingað til lands erlent tónlistarfólk til að taka upp sína tónlist.

María Rut Reynisdóttir

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík